

AUGLÝSING

um fyrirvarssamning við Svíþjóð.

Með orðsendingaskiptum hinn 23. febrúar og 21. mars 2017 var gengið frá fyrirvarssamningi milli Íslands og Svíþjóðar. Þar er Svíþjóð falin afgreiðsla umsókna um vegabréfsáritanir í tilteknum ríkjum þar sem Ísland er ekki sjálft með fyrirvar.

Samningurinn er gerður samkvæmt heimild í 10. mgr. 20. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 og öðlaðist gildi 1. apríl 2017.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 28. maí 2024.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

um fyrirvar í formi orðsendingaskipta
milli Íslands og Svíþjóðar

A. Orðsending frá Íslandi

Tilv.: UTN17020028/31.L.001; 31.D.001

Utanríkisráðuneyti Íslands vottar utanríkisráðuneyti Svíþjóðar virðingu sína og veitist sá heiður, með vísan til samningsins sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna, og í samræmi við 4. mgr. 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 810/2009 frá 13. júlí 2009 um Bandalagsreglur um vegabréfsáritanir (hér á eftir nefndar vegabréfsáritunarreglur ESB), að óska eftir því að Svíþjóð taki að sér fyrirvar fyrir Ísland í málum er varða allar tegundir Schengen-vegabréfsáritana í:

Lúsaka í Lýðveldinu Zambíu og

La Paz í Fjölþjóðaríkinu Bólivíu (ákvarðanir varðandi umsóknir um vegabréfsáritanir í Bólivíu varða teknar í sendiráði Svíþjóðar í Bógóta í Kólumbíu).

Skilyrði varðandi fyrirvar eru sem hér segir:

Vegabréfsáritun.

Grundvöllur samnings þessa eru vegabréfsáritunarreglur ESB og Handbókin um vegabréfsáritunarreglur, ásamt því sem fram kemur í þessum samningi.

Fyrirvar skal fela í sér:

- viðtöku umsókna um vegabréfsáritanir og lífkennaupplýsinga í samræmi við gr. 8.1 í vegabréfsáritunarreglum ESB,
- meðferð umsókna um vegabréfsáritanir og útgáfu vegabréfsáritana í samræmi við gr. 8.1 í vegabréfsáritunarreglum ESB,
- synjun um vegabréfsáritun í kjölfar meðferðar umsókna í samræmi við d-lið gr. 8.4 í vegabréfsáritunarreglum ESB.

Tölfræðilegar upplýsingar.

Að fenginni sértækri eða almennri beiðni mun Svíþjóð upplýsa Ísland um þær vegabréfsáritanir sem hafa verið gefnar út.

Gjöld.

Innheimta skal gjöld fyrir afgreiðslu umsókna um vegabréfsáritanir í samræmi við Schengen-réttarreglurnar. Svíþjóð á rétt á öllum gjöldum fyrir afgreiðslu umsókna um vegabréfsáritanir. Þar fyrir utan mun Ísland ekki greiða Svíþjóð neina uppbótargreiðslu fyrir afgreiðslu umsókna um vegabréfsáritanir.

Samráð.

Í þeim tilvikum þar sem ríkisfang krefst samráðs annast Svíþjóð samráðið.

Hagnýt skilyrði.

Samþykking má með óformlegum hætti hagnýt skilyrði varðandi framkvæmd samnings þessa. Skrá yfir tengiliði fylgir með sem 1. viðauki.

Utanríkisráðuneyti Íslands óskar enn fremur eftir því að leggja til breytingar, með tilliti til gildissviðs samráðs og heimildar til synjunar, á fyrirliggjandi samningum milli Svíþjóðar og Íslands um fyrirvar vegna Schengen-vegabréfsáritana í samræmi við 8. gr. vegabréfsáritunarreglna ESB.

Svíþjóð og Ísland hafa gert með sér samninga um fyrirvar á eftirtöldum stöðum:

| | |
|-----------------------|---------------|
| Bangladess | Dakka |
| Chile | Santíagó |
| Kólumbía | Bógóta |
| Kúba | Havana |
| Gvatemala | Gvatemalaborg |
| Marokkó | Rabat |
| Alþýðulýðveldið Kórea | Pjongjang |
| Lýðveldið Kórea | Seúl |
| Tansanía | Dar es Salaam |
| Bandaríkin | Washington |

Utanríkisráðuneyti Íslands leggur til eftirfarandi breytingar á fyrirliggjandi samningum:

- Í þeim tilvikum þar sem ríkisfang krefst samráðs annast Svíþjóð samráðið.
- Fyrirvar skal fela í sér synjun um vegabréfsáritanir í kjölfar meðferðar í samræmi við d-lið gr. 8.4 í vegabréfsáritunarreglum ESB.

Lokaákvæði.

Samningur þessi öðlast gildi frá og með 1. apríl 2017 og er gerður til ótiltekins tíma. Breyta má samningi þessum síðar með orðsendingaskiptum. Ef nauðsyn ber til í ljósi aðstæðna geta báðir aðilar fellt samninginn tímabundið úr gildi eða sagt honum tafarlaust upp með orðsendingu.

Fallist utanríkisráðuneyti Svíþjóðar á framangreinda tillögu veitist utanríkisráðuneyti Íslands á heiður að leggja til að orðsending þessi og svar utanríkisráðuneytis Svíþjóðar verði ígildi samnings milli ráðuneytanna tveggja.

Utanríkisráðuneyti Íslands notar þetta tækifæri til þess að fullvissa utanríkisráðuneyti Svíþjóðar enn á ný um fyllstu virðingu sína.

Reykjavík, 23. febrúar 2017

Utanríkisráðuneyti Svíþjóðar
STOKKHÓLMI

I. VIÐAUKI

Svíþjóð – sænska útlendingastofnunin – spurningar er varða almenn eða sértæk mál.

Migrationsverket
601 70 Norrköping
Sími: +46 771 235 235
Faxnúmer: +46 11 10 81 55
Tölvupóstfang: IV-Respons@migrationsverket.se

Svíþjóð – utanríkisráðuneytið – spurningar er varða samninginn.

Utrikesdepartementet
Planeringsstaben/Planningsection
103 39 Stockholm
SWEDEN
Sími: +46 405 1000
Faxnúmer: +46 723 11 76
Tölvupóstfang: ud-plan@gov.se

Ísland – Tengiliður í Útlendingastofnun Íslands
Hildur Reykdal
Yfirmaður Schengen-vegabréfsáritana; +354 444 0930
Tölvupóstfang: hildurr@utl.is, utl@utl.is

Heimilisfang
Útlendingastofnun Íslands
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík
Ísland
Sími: +354 4440900
Tölvupóstfang: utl@utl.is

B. Orðsending frá Svíþjóð

Utanríkisráðuneyti Svíþjóðar vottar utanríkisráðuneyti Íslands virðingu sína og veitist sá heiður að vísa til svohljóðandi orðsendingar þess frá 23. febrúar 2017:

[Sjá texta í A-hluta hér að framan]

Utanríkisráðuneyti Svíþjóðar veitist sá heiður að tilkynna utanríkisráðuneyti Íslands að það samþykki þá tillögu sem fram kemur í orðsendingu ráðuneytisins.

Utanríkisráðuneyti Svíþjóðar notar þetta tækifæri til þess að fullvissa utanríkisráðuneyti Íslands enn á ný um fyllstu virðingu sína.

Stokkhólmi, 21. mars 2017

Utanríkisráðuneytinu
REYKJAVÍK

AGREEMENT

on Visa Representation in the form of an Exchange of Notes
between Iceland and Sweden

A. Note verbal from Iceland

Ref.: UTN17020028/31.L.001; 31.D.001

The Ministry for Foreign Affairs of Iceland presents its compliments to the Ministry for Foreign Affairs of Sweden, and with reference to the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the latter's association with the implementation, application and development of the Schengen acquis and in compliance with Article 8, paragraph (4) of the Regulation (EC) No 810/2009 of the European Parliament and of the Council of 13 July 2009 establishing a Community Code on Visas (hereinafter; EU Visa Code), has the honour to request that Sweden represents Iceland in matters concerning all types of Schengen visas in:

**Lusaka, the Republic of Zambia, and,
La Paz, the Plurinational State of Bolivia** (the decisions concerning visa applications in Bolivia will be taken at the Embassy of Sweden in Bogotá, Colombia)

The conditions are as follows:

Visa

The basis for this agreement is the EU Visa Code and the Visa Code Handbook as well as what is stated in this agreement.

The representation shall include:

- The collection of visa applications and biometric data in accordance with Article 8.1 of the EU Visa Code
- The examination of visa applications and the issuing of visas in accordance with Article 8.1. of the EU Visa Code
- The refusal of visa following the examination of application in accordance with Article 8.4 (d) of the EU Visa Code.

Statistics

Sweden will, after a specific or general request, inform Iceland regarding the visas that have been issued.

Fees

Fees for visa applications are to be charged in accordance with the Schengen acquis. Sweden is entitled to all visa fees. Aside from that Iceland will not give any financial compensation to Sweden for handling the visa applications.

Consultation

Concerning nationalities for which consultation is required, the consultation will be executed by Sweden.

Practical conditions

The practical conditions of implementation of this agreement may be agreed upon informally. A list of contact points is attached as Annex 1.

The Ministry for Foreign Affairs of Iceland furthermore wishes to propose amendments, in terms of the scope of consultation as well as regarding the competence of refusal, to the existing agreements

between Sweden and Iceland on Schengen visa representation in accordance with Article 8 of the EU Visa Code.

Sweden and Iceland have concluded agreements on representation in the following locations:

| | |
|----------------------------------------------|----------------|
| Bangladesh | Dhaka |
| Chile | Santiago |
| Colombia | Bogotá |
| Cuba | Havana |
| Guatemala | Guatemala City |
| Morocco | Rabat |
| The Democratic People's Republic of Korea | Pyongyang |
| The Republic of Korea | Seoul |
| Tanzania | Dar es Salaam |
| United States of America | Washington |

The Ministry for Foreign Affairs of Iceland proposes the following amendments to the existing agreements:

- Concerning nationalities for which consultation is required, the consultation will be executed by Sweden.
- The representation shall include the refusal of visas after examination in accordance with Article 8.4 (d) of the Visa Code.

Final clauses

This agreement enters into force with effect from the 1 April 2017 and is concluded for an unlimited period of time. This agreement can be changed at a later date by exchange of notes. If the circumstances so indicate, the agreement can be suspended from both sides or be cancelled immediately by a verbal note.

If the foregoing proposal is acceptable to the Ministry for Foreign Affairs of Sweden, the Ministry for Foreign Affairs of Iceland has the honour to suggest that the present verbal note and the reply from the Ministry for Foreign Affairs of Sweden shall constitute an agreement between the two ministries.

The Ministry for Foreign Affairs of Iceland avails itself of this opportunity to renew to the Ministry for Foreign Affairs of Sweden the assurances of its highest consideration.

Reykjavík, 23 February 2017

Ministry for Foreign Affairs of Sweden
S T O C K H O L M

ANNEX I

Sweden – Swedish Migration Board – for questions in general or specific cases.
Migrationsverket
601 70 Norrköping
Tel: +46-771-235 235
Facsimile: +46-11-10 81 55
E-mail: IV-Respons@migrationsverket.se

Sweden – Ministry for Foreign Affairs – for questions about the agreement.
Utrikesdepartementet
Planeringsstaben/Planningsection
103 39 Stockholm
SWEDEN
Te: +46-405 1000
Facsimile: +46-723 11 76
E-mail: ud-plan@gov.se

Iceland – Contact point in the Icelandic Directorate of Immigration
Hildur Reykdal
Executive officer of Schengen visas; +354 444 0930
E-mail address: hildurr@utl.is, utl@utl.is

Address
Icelandic Directorate of Immigration
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík
Iceland
Telephone: +354 4440900
e-mail: utl@utl.is

B. Note Verbale from Sweden

The Ministry for Foreign Affairs of Sweden presents its compliments to the Ministry for Foreign Affairs of Iceland and has the honour to refer to its note of 23 February 2017 which reads as follows:

[Sjá texta í A-hluta hér að framan]

The Ministry for Foreign Affairs of Sweden has the honour to inform the Ministry for Foreign Affairs of Iceland that it accepts the proposal contained in the Ministry's note.

The Ministry for Foreign Affairs of Sweden avails itself of this opportunity to renew to the Ministry for Foreign Affairs of Iceland the assurance of its highest consideration.

Stokkhólmi, 21. mars 2017

Utanríkisráðuneytið
REYKJAVÍK